

Að þessu sinni er **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** þannig skipuð:

Konsertmeistari: Hildigunnur Rúnarsdóttir

1. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Thorarensen
Sigrún Andrésdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Rós Pétursdóttir
Sungkyung Kang
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir
Margrét Lára Jónsdóttir

2. fiðla

Hekla Arnardóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Ingvarsdóttir
Dagrún Hjartardóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir
Alasdair Barbour

Víola

Páll Ingvarsson
Elín Björk Jónasdóttir
Finnur Jónsson
Súsanna Friðriksdóttir
Gylfi Guðjónsson

Selló

Páll Einarsson
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Sverrir Teitsson
Bianca Tighe
Matylda Hermanska

Bassi

Kjartan Guðnason
Jón Hörður Jónsson
Dean Ferrell

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Karen Erla Karólínudóttir
Bollí Þórsson

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Guðmundur G. Haraldsson

Fagott

Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Berglind Bjarnadóttir

Kontrafagott

Brjánn Ingason

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Brynjar Björnsson
Erna Ómarsdóttir
Bergrún Snæbjörnsdóttir

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Árni Daníel Árnason

Básúnur

Valgeir Geirsson
Ari Hróðmarsson

Túba

Finnbogi Óskarsson

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Frank Aarnink
Helgi Þorleiksson

Sögumaður

Katrín Halldóra Sigurðardóttir

Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 17. maí 2015 kl.16:00

Fiðla, trúðar og tilbrigði

Einleikari:

Ari Þór Vilhjálmsson

Stjórnandi:

Oliver Kentish

Með þessum tónleikum lýkur 25. starfsári Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna.

Næstu tónleikar verða sunnudaginn 11. október.

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:

<http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.


Hljómsveitin nýtur stuðnings Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2015.



Sunna Rán
Stefánsdóttir



Felix Mendelssohn



Johannes Brahms



Oliver Kentish



Ari Þór Vilhjálmsson



Efnisskrá:

F. Mendelssohn-Bartholdy: Konsert í e-moll fyrir fiðlu og hljómsveit, op. 64

Allegro molto appassionato

Andante

Allegretto non troppo – Allegro molto vivace

– HLE –

J. Brahms: Tilbrigði við stef eftir Josef Haydn, kóral St. Antoni, op. 56 a

Chorale St. Antoni

Var. I: Poco piu animato

Var. II: Piu vivace

Var. III: Con moto

Var. IV: Andante con moto

Var. V: Vivace

Var. VI: Vivace

Var. VII: Grazioso

Var. VIII: Presto non troppo

Finale

Sunna Rán Stefánsdóttir: Trúðasinfónían (frumflutningur)


Flytjendur og verk:



Fiðlukonsert Mendelssohns var frumfluttur 13. mars 1845 og hefur alla tíð síðan verið meðal vinsælustu og mest fluttu fiðlukonserta. Verkið var samið fyrir Ferdinand David, sem var fremsti fiðluleikari þess tíma í Þýskalandi. David var náinn vinur Mendelssohns og samstarfsmaður, og hafði hann mikil áhrif á gerð verksins. Eftir bréfaskiptum þeirra að dæma hófst tónskáldið handa við konsertinn 7 árum áður en hann var frumfluttur. Í bréfi árið 1838 segir Mendelssohn að konsertinn eigi að vera í e-moll og lýsir því hvernig byrjunarstefið láti hann ekki í friði.



Ari Þór Vilhjálmsson lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Hann hélt síðan vestur um haf, nam hjá Almitu og Roland Vamos, Rachel Barton Pine og Sigurbirni Bernharðssyni og lauk Bachelor of Music gráðu frá University of Illinois og síðar Master of Music frá Northwestern University í Chicago. Á námsárum sínum gegndi Ari leiðandi stöðu í Civic Orchestra of Chicago, þjálfunarhljómsveit Chicago Symphony Orchestra, og stöðu konsertmeistarara samnorrænu ungsveitarinnar Orkester Norden. Einnig tók hann þátt í heimsreiðu Bjarkar Guðmundsdóttur árið 2003 sem félagi í The Iceland String Octet. Ari hefur flutt einleikskonserta eftir m.a. Mozart, Beethoven, Brahms, Hafliða Hallgrímsson, Prokofieff og Shostakovich með hljómsveitum á Íslandi og í Bandaríkjunum. Á undanförunum árum hefur hann spilað á einleiks- og kammertónleikum á Listahátíð í Reykjavík, fyrir Kammermúsikklúbbinn, Reykjavík Midsummer Music og Emory University í Atlanta. Ari hefur kennt við Tónlistarskólann í Reykjavík síðan árið 2008. Hann hóf störf við Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2006 og gegnir nú starfi leiðara 2. fiðlu hljómsveitarinnar. Ari lék einleik með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna á tónleikum í Neskirkju í desember 2000. Hann lék þá Rómönsu Beethovens í F-dúr.



Brahms (1833-1897) var ákaflega hægskrifandi og vandvirkt tónskáld. Sjálfsgagnrýnin var slík að hann fargaði stórum hluta tónverka sinna af ótta við að þau væru ekki nógu góð. Þegar aðdáandi hans spurði hann hvernig hann færi að því að semja, svaraði hann: „Með strokleðri“. Hann byrjaði tiltölulega seint að semja tónlist fyrir hljómsveit, sem sumir telja að hafi stafað af því að hann óttaðist samanburðinn við Beethoven sem var hetja hans. Fyrsta sinfónía hans var frumflutt 1876. Áður samdi hann þó hljómsveitarverk, sem líta má á sem eins konar æfingu fyrir fyrstu sinfóníuna, tvær serenöður, píanókonsert, verk fyrir kór og hljómsveit og Þýska sálumessu. Árið 1873 samdi hann einnig tilbrigðin op. 56 a sem hér eru flutt og marka þau nokkur þáttaskil í tónköpun hans. Stefið sem hann notar er eignað Haydn en grunur er uppi um að það sé komið frá nemanda hans, Ignatz Pleyel. Stefið er nokkuð óvenjulegt að byggingu og kann það að hafa vakið áhuga Brahms í upphafi. Fyrstu hendingarnar eru 5 taktar að lengd sem stingur í stúf við hefðbundnar 4 takta hendingar. Í tilbrigðunum heldur Brahms nokkuð fast við laglínu og hljómagang upphafsstefsins en þó er hvert tilbrigði með sínum sérstaka stíl og anda. Verkinu lýkur á mikilli passakalíu sem í sjálfri sér er röð af tilbrigðum um þrástef. Takið eftir þríhorninu. Svoleiðis tæki notaði Brahms ekki nema honum væri mikið niðri fyrir. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flutti þetta verk áður á tónleikum hér í Seltjarnarneskirkju í maí 2010.



Sunna Rán Stefánsdóttir hóf tónlistarnám við Suzuki-tónlistarskólann og stundaði þar nám til 12 ára aldurs. Þaðan fór hún í Tónlistarskólann í Reykjavík til Lin Wei fiðluleikara. Hún lærði spuna og jazzfiðluleik hjá Dan Cassidy og trommuleik hjá Óla Hólmi. 17 ára gömul hætti hún tónlistarnámi af heilsufarsástæðum, lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík og hélt síðan til Kaupmannahafnar í nám í fatahönnun. Árið 2012 hóf Sunna nám við Listaháskóla Íslands í tónsmíðum hjá Hildigunni Rúnarsdóttur. Flutningur á Trúðasinfóníunni í dag er hluti af útskriftarverkefnum hennar. Tónsmíðar Sunnu einkennast flestar af miklum húmor, rythmískum áherslum og hafa gjarnan einhverja sögu að segja. Hún er óhrædd við að skrifa ómbliðar laglínur og leyfir poppáhrifum að skína í gegn.